

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1675  
komudagur 5.3.2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. mars 2008  
Tilvísun: 2008020036/90.12  
JH/BH  
15.02.2008

**Efni: Aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, þskj. 375 - 303 mál.**

Endurskoðun innkaupastefnu ríkisins með þeim markmiðum sem fram koma í tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera eru augljóslega skref til framfara. Enda er slíkt í samræmi við þá öryggisstefnu sem Vegagerðin hefur sett sér og fram kemur í gæðahandbók stofnunarinnar.

Í greinargerð með tillögunni er gerð grein fyrir þeim ágæta árangri í vinnuvernd sem náðist við byggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði og síðan lögð til ákveðin aðferðafræði við val á verktökum/birgjum í opinberum útboðum. Sú tölfræði sem lagt er til að notuð verði er því miður ekki fyrir hendi varðandi stærstan hluta fyrirtækja. Þó að gert sé ráð fyrir að öll slys séu skráð í samræmi við lög eru tiltölulega fáir aðilar sem skrá með samræmdum hætti fjarveruslysatiðni, hvað þá að slíkar tölur séu aðgengilegar verkkaupum. Til þess að unnt sé að nota fjarveruslysatiðni við val á verktökum þurfa þessar upplýsingar fyrir einstök fyrirtæki að vera áreiðanlegar og aðgengilegar.

Einnig er í greinargerðinni lögð fram sú hugmynd að tölfræði um slys og atvinnusjúkdóma verði metin sem ákveðið hlutfall af tilboði (25-50%). Vegagerðin mælir frekar með þeirri aðferð að til þess að mega leggja fram tilboð þurfi fjarveruslysatiðni bjóðanda að vera undir tilgreindu lágmarki.

Virðingarfyllt,

  
Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.